

Nd.

108. Frumvarp

til laga um sparisjóði.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

1. gr.

Sparisjóðir skulu taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem allra tryggastan hátt, svo sem fyrir er skipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands reglugerð sjóðsins til staðfestingar, og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyrir en staðfesting er fengin.

Í reglugerð sparisjóðs skulu jafnan vera ákvæði um :

- a. stjórn sjóðsins, hvernig henni skuli fyrir komið, hveruig kosin og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli haga.
- b. móttöku sparisjóðsfjár og útborgun þess, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, ágóða sjóðsins og varasjóð, lán úr sjóðnum, endurskoðun og úrskurð á reikningum hans.
- c. trygging sjóðsins, svo sem greiðslu tryggingarfjár, ábyrgð einstakra manna og fjelaga.
- d. breytingar á reglugerð sjóðsins.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í Lögbirtingablaðinu, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem viðskiftabókina kann að hafa í hönd.

um, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð eða afhent, geti gert kröfu á hendur þeim sparisjóði, er i hlut á.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1925 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu um stundarsakir í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara eða veita hæfilegan frest til að kippa i lag því, sem á brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort sem er stofnsje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki taka hærri arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal prenta ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins, svo og lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórnin ræður starfsmenn sjóðsins og hefir umsjón með öllum framkvæmdum hans.

Birta skal i Lögbirtingablaðinu, hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn og hverjir þeirra undirriti kvittanir og yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal þeim skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum nje heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

Sparisjóðir mega alls eigi takast á hendur ábyrgð fyrir einstaka menn eða fjelög.

8. gr.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni banka og sparisjóða.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókarí.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina uppbæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 starfsmenn hans eða stjórnendur sjeu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig.

Fjehirðir má þó veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en rita skal hann þegar greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Fjehirðir má og greiða fje úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsg. Heimilt er stjórnendum sjóðsins að fara með þessi störf.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og eftirlitsmanns.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina uppbæð nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnan skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hins vegar veita móttöku, þótt viðskiftabókin sje eigi sýnd. Skal þá gefn sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal halda yfir öll lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, og sýni hún skuldbindingar hvers þeirra gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Ennfremur skal hver sparisjóður hafa gerðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánssynjanir, lántökur og annað slíkt.

Stjórnarráðið setur reglur um bókun í sparisjóðum og ákveður fyrirmynd allra skjala, eftir að hafa fengið tillögur eftirlitsmanns.

13. gr.

Sparisjóðsfje skal einkum verja til lána gegn fasteignaveði og til kaupa á bankavaxtabrjefum og ríkisskuldabrjefum. Hvorki sparisjóðsvextir nje útlánsvextir mega hærri vera en vextir Landsbankans, hveurrar tegundar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán og víxlar mega aldrei nema meiru samtals en þriðjungi sparisjóðsinnstæðu.

Sjálfskuldarábyrgðarlán til einstakra manna og fjelaga má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og mega þau aldrei verða eldri en 10 ára áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), í Landsbankanum eða útibúum hans að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða hafa í vörslum sínum bankavaxtabrjef, ríkisskuldabrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú rekur að því, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til þessa fjár vegna óvæntra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Pegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaförða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gaguvart innstæðueigendum, og skal tilkynna það eftirlitsmanni tafarlaust.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sin eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánnum sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Sparisjóðir mega eigi gefa út handhafaávisanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum frádragnum samkv. 3. gr., skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að varasjóður hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og eftirlitsmanns, samþykkt að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsparfir.

17. gr.

Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum, eða í innieign hjá Landsbankanum. Nú ber svo til, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna óvæntra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur skal saminn fyrir marsmánaðarlok. Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða, að fengnum tillögum eftirlitsmanns.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigu sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Senda skulu þeir eftirlitsmanni skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókuum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi eftirlitsmanns, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið i fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur stjórnarráðið til bráðabirgða sviðt sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn i Lögbirtingablaðinu.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta og samkvæmt lögum um nauðasamninga tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar, eða leitað nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar, eftir tillögum sparisjóðsstjórnar.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður muni eigi

fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður legst niður og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, þær er afgangur eru skuldu, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjerudum þeim, er sjóðinn eiga.

22. gr.

Heimilt er að geyma fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, ef stjórnarráðið samþykkir.

23. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið lögaldi meðan það stendur þar.

24. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

25. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 2000 kr., nema þyngri hegning liggi við.

Sektir renna í rikissjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögglumál.

27. gr.

Lög um sparisjóði, 3. nóv. 1915, eru úr gildi numin.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Greinargerð.

Það er nú fengin full reynsla fyrir því, að sparisjóðslögin 3. nóv. 1915 eru alls ónóg til að varna því að mistök verði á stjórn sparisjóða. Auk eftirlitsleysis, sem nú á þó að heita bætt úr, hefir mestu um mistökin valdið, að sparisjóðum hefir verið frjálst að reka almenn bankaviðskifti óskorað, en fyrir

það hafa sumir þeirra látið teygjast út á hálustu gróðabrallsbrautir, en það brýtur beint bág við tilgang sparisjóða og aðstöðu í viðskiftalífínu.

Sparisjóðir í þessu fátæka landi eru fyrst og fremst stofnaðir til að ná saman fjársafni, sem bankar og útibú þeirra ná ekki til, ávaxta það og gera það að þjóðveltufje. Þessu marki verður því að eins náð, að þeir njóti fulls trausts almennings, en það fæst með engu öðru móti en því, að fjeð sje ávaxtað á sem allra tryggustum skuldastöðum og menn geti greiðlega fengið það útborgað. Á því hefir sumstaðar orðið skaðvænn meinbrestur. En sú er orsök til þess, að sparisjóðir hafa ætlað sjer þá dul að keppa við banka landsins um fjársafn landsmanna með því að bjóða hærri innlánsvexti. Af því leiðir aftur, að þeir hafa neyðst til að taka hærri útlánsvexti en bankar, og tryggingar þeirra sakir þess orðið rýrari, sjerstaklega eftir að almennir útlánsvextir komust upp úr lögvöxtum gegn fasteignaveði (6 %). En við því mega hlunnindalausar stofnanir eigi.

Aðaltilgangur frumvarps þessa er því að girða fyrir slíka starfsemi; er alþjóð stafar stórhætta af, en það er gert með því að banna sparisjóðum að greiða hærri vexti en Landsbankinn og taka hærri vexti en hann.

Þá eru og sparisjóðir skyldaðir til að verja fje sínu sem mest til fasteignalána, kaupa á bankavaxtabrjefum og rikisskuldabrjefum, en með því væri stigið eigi alllitið spor i þá átt, að greiða fyrir betri lánskjörum, er allir þrá æ mest, enda nú önnur ráðstöfun þjóðinni eigi hollari.

Frumvarp þetta er sniðið eftir frumvarpi til laga um sparisjóði, er lagt var fyrir Alþingi 1913, og höfð til samanburðar sparisjóðslög Dana 1919.